

Fundargerð. *Stjórnarfundur nr. 89.*

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn á Hótel Varmahlíð 4. júlí árið 2018, kl 17:00. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Jón Sigurðsson og Eiríkur H. Hauksson áheyrnarfulltrúi. Einnig sátu fundinn Gunnar Svavarsson frá Verkfræðistofunni Eflu og Fannar Viggósson starfsmaður Norðurár

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Ársreikningur 2017.
3. Ákvörðun um aðalfund.
4. Staða og horfur í rekstri.
5. Undirbúningur uppsetningar gasbrennslustöðvar.
6. Önnur mál.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lögð fram og undirrituð.

2. Ársreikningur 2017

Drög að ársreikningi 2017 liggja fyrir. Magnús fór yfir og gerði grein fyrir helstu niðurstöðum reikningsins. Reikningurinn var samþykktur samhljóða og verður kynntur aðilum sveitarfélaganna á aðalfundi félagsins.

3. Ákvörðun um aðalfund

Ákveðið var að stefna á að halda aðalfund Norðurá b.s. vegna ársins 2017 mánudaginn 10. september kl: 16:00 í Miðgarði. Magnús boðar fund og Einar athugar með húsnæði.

4. Staða og horfur í rekstri

Fannar lagði fram yfirlit um urðað magn í Stekkjarvík frá janúar til loka júní. Í ár er í heild búið að urða á þessu tímabili 9.734 tonn en á sama tímabili 2017 var magnið 8.509 tonn. Urðunarmagnið er því að aukast. Sé horft á efnisflokkanna er mest aukning í grófum timburúrgangi og byggingarúrgangi. Mest er aukningin af Eyjafjarðarsvæðinu en nákvæmar tölur milli svæða lágu ekki fyrir fundinum. Undir þessum lið var einnig rætt um upplýsingaflæði frá sorpsöfnunaraðilum til sveitarfélaganna um bæði magn og flokkun sorps en ansi mikið af tölum um skiptingu milli efnisflokka byggja á áætlun þó heildarmagnið á bílnum sé nokkuð öruggt. Að sögn Fannars gengur vinna í Stekkjarvík vel.

5. Undirbúningur uppsetningar gasbrennslustöðvar

Samþykkt hefur verið af Blöndósbæ stöðuleyfi vegna gasbrennslustöðvar.

Gunnar fór yfir endurnýjaða áætlun um kostnað við uppsetningu á gasbrennslustöðinni. Heildarkostnaður nú er áætlaður 45,5 milljónir, en þá á stöðin að vera kominn upp og tilbúin til notkunar. Þetta er töluverð hækkun frá síðustu áætlun en nú hafa bæst við 4 staurar til lýsingar sem kosta í heild um 5 milljónir og ýmsar aðrar hækkningar eru svipuð tala. Steypa þarf plötu undir gáminn og þarf það að gerast sem fyrst. Magnús ætlar að hafa samband við smiði vegna þess. Einnig þarf að leggja lagnir frá svæðinu að stöð en rætt hefur verið við pípara á Blöndósi að taka að sér alla pípulagningavinnu við verkið. Ekki er talið að nokkur grundvöllur sé fyrir að bjóða þessi verk út þar sem þau eru í heild lítil. Ákveðið var að grafa jarðstreng að stöðinni og leggja þá ljósleiðara streng með í skurðinn.

Með stöðinni að utan koma tveir sérfræðingar sem gangsetja og stilla. Áætlað er að stöðin komi í september/október. Gunnari falið að kanna hvort ekki væri hægt að kaupa rörin og jarðstrenginn að utan og flytja inn í gámnum með stöðinni en hann sér um öll tengst við framleiðendur á stöðinni.

6. Önnur mál

Jón fór yfir niðurstöður á ýmsu sem gert hefur verið til að kanna möguleg kaup á notaðri beltagröfu héraðs og/eða erlendis fyrir Norðurá. Eftir mikla leit varð endinginn sú að Jón gerði tilboð og fékk samþykkt í vél sem Fannar Viggósson á. Kaupverð er 8 milljónir plús vsk. Samþykkt af Einari og Jóni. Magnús lýsti vanhæfi sínu og tók ekki þátt í umfjöllun og afgreiðslu málsins.

Ákveðið að senda Umhverfisstofnun niðurstöðutölur um urðað magn fyrstu 6 mánuði ársins.

Fundi slitið kl. 18:45

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Jón Sigurðsson

Eiríkur H. Hauksson

Fannar Viggósson